



Hrútey í Blöndu

Húnabyggð

Stjórnunar- og verndaráætlun

Júní 2023

Heiti skýrslu: Stjórnunar- og verndaráætlun, Hrútey í Blöndu

Útgáfunúmer: UST-2022:10

Mánuður, ár: júní 2023

Ritstjórn: Guðbjörg Gunnarsdóttir og Kristín Ósk Jónasdóttir

Forsíðumynd: Kristín Ósk Jónasdóttir

Aðrar myndir: Kristín Ósk Jónasdóttir (bls.8 og 16), Ingibjörg Marta Bjarnadóttir (bls. 4 og 5) og Páll Ingbór Kristinsson (bls. 13).

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is

Efnisyfirlit

1. HIÐ FRIDLÝSTA SVÆÐI	5
1.1. Stjórnunar- og verndaráætlun	6
1.1.1. Samráð	6
1.2. Eignarhald og umsjón	6
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	7
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	7
2. STAÐA OG STEFNA.....	9
2.1. Náttúruminjar, jarðminjar og lífríki	9
2.2. Menningarminjar	10
2.3. Landnotkun	11
2.3.1. Ferðapjónusta og útivist.....	11
2.3.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun	11
2.3.3. Mönnuð og fjarstýrð loftför	12
2.4. Helstu ógnir og öryggismál	12
2.5. Innviðir og mannvirki	12
2.5.1. Landvarsla	12
2.5.2. Mannvirki	12
2.5.3. Vegir, bílastæði og aðgengi	13
2.5.4. Stígar og gönguleiðir	13
2.5.5. Skilti	14
2.5.6. Úrgangur	14
2.6. Fræðsla og kynning	14
2.7. Rannsóknir og vöktun	15
3. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	16
HEIMILDIR	17
VIÐAUKI I	18
VIÐAUKI II	19
VIÐAUKI III.....	21
VIÐAUKI IV	22
VIÐAUKI V	23

Leiðarljós

Leiðarljós fyrir fólkvanginn Hrútey er að gestir geti áfram notið endurnærandi náttúrukönnunar og upplyftingar í Hrútey, leyndu perlunni í ánni.



1. Hið friðlýsta svæði

Fólkvangurinn í Hrútey í Blöndu var friðlýstur árið 1975 með auglýsingu [nr. 521/1975](#). Stærð fólkvangsins er 10,7 ha.

Hrútey er klettaeyja í miðri Blöndu þar sem áin rennur í gegnum Blönduós og afmarkast fólkvangurinn af ánni. Aðalbergtegund svæðisins er blágrýti. Það er myndað á tertíertíma fyrir 6-8 milljón árum. Jökuláin Blanda hefur grafið sér farveg í gegnum jarðlögin og í kringum Hrútey. Í eyggi er gróskumikill gróður, bæði trjágróður og blómplöntur en eyjan hefur verið friðuð fyrir búfé og skógrækt stunduð frá því fyrir miðja 20. öld. Fuglalíf er auðugt og gæsir áberandi. Hrútey er vinsæl til útivistar.

Markmiðið með friðlýsingunni er að tryggja gangandi fólki frjálsta ferð um eyna og jafnframt að vernda jarðmyndanir, gróður og dýralíf svæðisins.

Aðkomuleiðir

Hrútey er í alfaraleið við þjóðveg nr. 1 og liggur innan marka sveitarfélagsins Húnabyggðar. Bílvegur er ekki út í eyna en bílastæði eru á árbakkanum norðaustan við Blöndu og göngubrú yfir ána út í eyjuna. Göngubrúin var reist sumarið 2021 en hún var upphaflega byggð yfir Blöndu á Blönduósi árið 1897.

Meðfram Blöndu eru þjónustusvæði með bílastæðum, tjaldsvæði og sumarhúsum til útleigu. Göngustígur liggur frá þjónustusvæðinu meðfram Blöndu og til sjávar.

1.1. Stjórnunar- og verndaráætlun

Undirbúningur að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Hrúteyjar hófst í nóvember 2021. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er hún sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#). Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Áætlunin er unnin í samstarfi við sveitarfélagið Húnabyggð.

Samstarfshópin skipuðu:

- Ágúst Þór Bragason, fulltrúi sveitarfélagsins.
- Páll Ingbór Kristinsson, fulltrúi sveitarfélagsins, tók við af Ágústi Þór Bragasyni.
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- Kristín Ósk Jónasdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Stjórnunar- og verndaráætlunina skal endurskoða eftir því sem tilefni er til. Áætluninni er skipt í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um vinnslu áætlunarinnar og stjórnsýslu, í öðrum kafla er lýsing á Hrútey í dag ásamt framtíðarsýn og stefnumótun og í þriðja kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um fólkvanginn samkvæmt áætlun þessari. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun Húnabyggðar í tengslum við uppbyggingu og rekstur svæðisins en sveitarfélagið annast umsjón og rekstur fólkvangsins.

1.1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Umhverfisstofnun og Húnabyggð héldu opinn íbúafund í Félagsheimilinu á Blönduósi þann 7. apríl 2022 og mættu fimm fulltrúar íbúa. Þar var áætlunin kynnt og drög lögð að þriðja kafla hennar.

Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka III](#).

1.2. Eignarhald og umsjón

Hrútey er hluti af Húnabyggð sem jafnframt er landeigandi. Samkvæmt 83. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 annast sveitarfélög umsjón og rekstur fólkvanga og bera allan kostnað af rekstri og umsjón að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði. Umsjón og rekstur fólkvangsins Hrúteyjar er því í höndum Húnabyggðar skv. nógildandi lögum þó annað segi í auglýsingu um friðlýsinguna. Málefnum sem upp koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Hrútey var friðlýst sem fólkvangur árið 1975 með auglýsingu nr. 521/1975. Auglýsinguna má finna í [viðauka I](#).

Hrútey er innan straumvatnshlotsins Blöndu (101-1674-R)¹. Í vatnaáætlun sem er byggð á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlot en samkvæmt markmiðum laganna skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu ástandi. Vatnshlotið Blanda fellur undir þessi umhverfismarkmið. Nálgast má frekari upplýsingar um stjórn vatnamála ásamt vatnaáætlun á vefsíðunni [vatn.is](#).

Önnur íslensk lög hafa jafnframt þýðingu fyrir fólkvanginn og stefnumótun hans, s.s. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, lög um menningarminjar nr. 80/2012 og skipulagslög nr. 123/2010.

Þeir alþjóðasamningar sem helst hafa þýðingu fyrir fólkvanginn og íslensk stjórnvöld hafa staðfest eru alþjóðasamþykkt um fuglavernd, öðlaðist gildi 1956, samþykkt um lífríkisvernd á norðurslóðum frá 1992 (CAFF), samningur um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 1993, samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (Ríosamningurinn), fullgiltur árið 1995 og samningur um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum (Árósarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 2011 og Evrópusamningurinn um landslag frá árinu 2000.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón og stjórnsýslu menningarminja, fornleifa- og byggingararfs, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Húnabyggð fer með skipulagsvald á svæðinu. Allt jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks en hafa skal samráð við umhverfisnefnd Húnabyggðar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar. Í gildi er [aðalskipulag](#) Blönduósbæjar 2010-2030 sem staðfest var af Skipulagstofnun árið 2011. Í aðalskipulaginu er Hrútey skilgreind sem náttúruverndarsvæði, sbr. kafla 3.3.2. Náttúruverndarsvæði eru skilgreind sem annars vegar friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Hrútey er jafnframt skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota í kafla 4.1.2. Í aðalskipulaginu.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu fólkvanga er að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

¹ <https://vatnshlotagatt.vedur.is/#/waterbody/101-1674-R>

Verndun Hrúteyjar miðar að því að vernda jarðminjar og líffræðilega fjölbreytni með því að viðhalda vistgerðum og varðveita tegundir á náttúrulegum búsvæðum þeirra, sbr. 2. og 3. gr. laga um [náttúruvernd nr. 60/2013](#).

Fólkvangurinn Hrútey flokkast í V. flokk verndarsvæða ([Protected Landscape/Seascape](#)) skv. skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í V. flokki IUCN eru verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Varðveisla þessa samspils er hluti af verndun svæðisins og þeirra náttúrufarslegu og menningarlegu gilda sem svæðið hefur.



2. Staða og stefna

Í þessum kafla verður fólkvangnum Hrótey lýst í stórum dráttum, stefna lögð fram um hvernig viðhalda megi verndargildi hans og bent á framkvæmdir sem fara þarf í á næstu árum. Húnabyggð hefur útbúið aðgerðaáætlun sem fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni og þar má finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar. Hrótey er hluti af góðri gönguleið um bæinn og er tengd tjaldsvæði bæjarins.

Í samtali við íbúa Blönduóss voru gildi Hróteyjar fyrir íbúana rædd. Fram kom að hún væri útivistarparadís og falin perla í þeirra huga. Minningar um skemmtilegar stundir æskuáranna í eygni spruttu fram og mikilvægi skógarins í Hrótey í vitund íbúa voru tíundaðar þó þeir mættu nýta sér eyrna meira en þeir gera.

2.1. Náttúruminjar, jarðminjar og lífríki

Hrótey er klettaeyja í miðri Blöndu. Í eygni er gróskumikill gróður, bæði trjágróður og blómplöntur.

Í auglýsingu um friðlýsingu Hróteyjar er tekið fram að varast skuli að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi. Þá er óheimilt að raska bergmyndunum.

Aðalbergtegund svæðisins er blágrýti. Það er myndað á tertíertíma fyrir 6-8 milljón árum. Jökuláin Blanda hefur grafið sér farveg í gegnum jarðlögin og í kringum Hrótey sem er einskona stöpull í ánni miðri.

Vistlendi innan fólkvangsins er skógrækt, sbr. [vistgerðakort](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands enda hófst skógrækt í eyjunni árið 1942. Hrótey hefur verið friðuð fyrir búfé síðan árið 1933 og þar er nú [Opinn skógur](#) fyrir almenning. Birki og stafafura eru áberandi en aðrar tegundir

trjáa og annarra plantna eru í eyjunni m.a. bláklukka sem er algeng á Austurlandi en fágæt annars staðar á landinu. Lyngmóar eru áberandi. Lúpína hefur dreift sér með hömrum eyjarinnar. Fuglalíf er auðugt s.s. skógarþrestir og rjúpur og gæsir eru áberandi.

Stefna

Mikilvægt er að vernda jarðminjar og vistkerfi sem finnast í Hrútey til að viðhalda jarðfræðilegri og líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Öll landnotkun skal vera með þeim hætti að hún raski ekki jarðminjum, náttúrulegum gróðri eða dýralífi. Gæta skal þess að framkvæmdir rýri ekki ásýnd svæðisins.

Stefnt er að því að sérstök aðgát verði höfð á varptíma fugla í samræmi við friðlýsingarákvæði. Mikilvægt er að fólk verði upplýst um svæðin sem eru viðkvæm vegna varps og fuglalífs með skipulagðri upplýsingagjöf.

Stefnt er að því að viðhalda og styrkja fjölbreyttan gróður eyjarinnar, bæði náttúrulegan gróður og ræktaðan, í samræmi við samning S. Þ. um [líffræðilega fjölbreytni](#). Grisja þarf skóginn þannig að tré og botngróður dafni betur.

Lúpína hefur náð að dreifa sér um hluta eyjarinnar og er stefnt að því að halda henni í skefjum.

Þar sem minkur er framandi, ágeng tegund er mikilvægt að halda honum í skefjum innan fólkvangsins.

2.2. Menningarminjar

Í Hrútey er að finna nokkrar aldursfriðaðar minjar. Þar eru þrjár óþekktar tóftir og er ein þeirra líklega leifar beitarhúsa. Þá er óþekkt hringlaga mannvirki eða náttúrumyndun en ekki er hægt að fullyrða hvort heldur er án frekari rannsókna. Minjarnar koma fyrir í heimildum frá 19. öld en að öðru leyti er óvíst um aldur þeirra. Þær eru jarðsokknar og flestar óskemmdar. Fornleifarnar voru skráðar vegna vinnu við aðalskipulag árið 2007.² Helsta ógnin sem stafar að minjunum er skógrækt.

Sumarið 2021 var göngubrú út í Hrútey endurnýjuð. Brúin er frá árinu 1897 og var fyrsta brúin sem reist var yfir Blöndu við Blönduós. Var hún lagfærð og endurgerð með miklum sóma. Brúin er elsta samgöngumannvirki sinnar tegundar sem enn er til. Brúin er því merkileg sem slík.

Um vernd menningarminja fer samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Allar minjar njóta að lágmarki 15m friðhelgi frá útbrún þeirra og eru framkvæmdir óheimilar innan þess svæðis nema að fengnu leyfi frá Minjastofnun Íslands.

Stefna

Vert er að gera sögu og minjum Hrúteyjar skil á skiltum og í öðrum miðlum.

² Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2007)

2.3. Landnotkun

Skógrækt hefur verið stunduð í Hrútey frá árinu 1942 og hafa heimamenn og ferðafólk notið skógarins til útivistar.

Stefna

Stefnt er að því að Hrútey verði aðgengilegur og skemmtilegur staður sem íbúar Húnabyggðar og gestir njóta að ganga um og dvelja á. Landnotkun á svæðinu sé í samræmi við markmið um verndun Hrúteyjar sem fólkvangs.

Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum í fólkvanginum en þeim sem auðvelda för gesta og veita fræðslu s.s skiltum, göngustígum, bekkjum og borðum. Önnur þjónusta við gesti verður utan fólkvangsins.

2.3.1. Ferðaþjónusta og útivist

Svæðið er mikið notað af heimamönnum og ferðafólki til útivistar. Göngustígar liggja í gegnum svæðið og eru mikið notaðir. Hrútey varð [Opinn skógur](#) árið 2003 og áningarstaðir fyrir gesti eru til staðar.

Stefna

Stefnt er að því að styðja við útivist á svæðinu. Almennigur er hvattur til að nýta svæðið sem útivistarsvæði að gefnum þeim reglum sem um svæðið gilda.

Stefnt er að því að merkja betur og auglýsa gönguleiðina sem liggur frá Hrútey, meðfram Blöndu og allt til sjávar.

Listskýningar sem settar hafa verið upp í eygni hafa notið vinsælda og er stefnt að því að halda þeim áfram. Hugmyndir eru um að halda listviðburði á svæði því sem nefnt hefur verið Kaffibollinn.

Lausaganga hunda getur skert upplifun gesta í fólkvanginum og truflað fuglalíf. Um hundahald fer samkvæmt samþykkt [nr. 242 um hundahald](#) á Blönduósi, lið i.³ Ekki er heimilt að tjalda eða hafa næturdvöl innan fólkvangsins sbr. [reglu nr. 2](#) í kafla 3.

2.3.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem skipulagðir eru innan fólkvangsins skulu ekki raska gróðri, dýralífi, jarðminjum eða upplifun fólks og vera í samræmi við þær reglur sem gilda innan svæðisins. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér mikla hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds sbr. [reglu nr. 1](#) í kafla 3.

³<https://www.blonduos.is/static/files/Umsoknir/samthykt-um-hundahald.pdf>

2.3.3. Mönnuð og fjarstýrð loftför

Flugumferð er háð takmörkunum sem fram koma í Flugmálahandbók. Haga skal notkun fjarstýrðra loftfara (dróna) í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara. Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að ávallt er óheimilt að fljúga dróna yfir mannfjölda og að fjarstýrð loftför sem notuð eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

2.4. Helstu ógnir og öryggismál

Helsta ógn við verndargildi Hrúteyjar eru plöntur sem plantað hefur verið og geta haft áhrif á verndargildi eyjarinnar, bæði lífríki og menningarminjar. Eins má gera ráð fyrir að fjölbreytileiki plantna dali ef lúpína eða aðrar tegundir sem teljast ágengar og framandi fá að dreifa sér óáreitt um eyjuna.

Önnur ógn sem getur steðjað að Hrútey er gróðureldur og því er ekki leyfilegt að vera með opinn eld í eygni, þar með talið er notkun ferðagrilla óheimil sbr. [reglu nr. 4](#).

Helstu hættur sem steðja að gestum eru hrap í klettum og fall á göngustígum.

Stefna

Stefnt skal að því að hefta útbreiðslu ágengra, framandi tegunda og vinna að því að uppræta þær í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Öryggi gesta skal tryggt sem best í Hrútey. Stuðla þarf að slysaförvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu. Gestir svæðisins skulu upplýstir um hættur á svæðinu með merkingum þar að lútandi.

2.5. Innviðir og mannvirki

2.5.1. Landvarsla

Umsjón og rekstur fólkvangsins er í höndum Húnabyggðar sbr. [kafla 1.3](#). Sérfræðingur Umhverfisstofnunar mun meta ástand svæðisins og sinna eftirliti eftir þörfum.

Stefna

Umhverfisstofnun vinnur árlega ástandsmat fyrir svæðið.

2.5.2. Mannvirki

Þau mannvirki sem eru innan fólkvangsins eru göngubrú út í eyjuna, timburtröppur á gönguleið og áningarstaðir.

Stefna

Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum í fólkvanginum en göngustígum, skiltum, bekkjum og borðum. Þjónusta við gesti verður utan fólkvangsins.



Allt rask skal vera í lágmarki, innviðir hannaðir með þeim hætti að þeir falli vel að umhverfinu og mannvikjum vera vel við haldið. Stefnt er að því að innviðir auki ánægju gesta, bæti ferðahegðun og leiði til náttúru- og minjaverndar. Leitast skal við að uppbygging taki mið af umhverfissjónarmiðum í efnisvali og framkvæmdum.

2.5.3. Vegir, bílastæði og aðgengi

Þjóðvegur nr. 1 liggur í næsta nágrenni fólkvangsins og frá honum afleggjari að þjónustusvæði við Blöndu þar sem eru bílastæði. Vegur liggur ekki út í fólkvanginn sjálfan en góð göngubrú yfir Blöndu og í fólkvanginn var reist árið 2021 og frágangi við hana lokið 2022. Frá bílastæðinu liggur vegur niður að neðra bílastæði við göngubrúna og er fólki með fötlun og þeim sem eiga erfitt með gang heimilt að aka hann.

Stefna

Stefnt er að því að fólkvangurinn sé aðgengilegur allan ársins hring. Stefnt er að því að svæði sem kallað hefur verið Kaffibolli, opið svæði lítið eitt neðan við aðkomuna þegar komið er út í Hrótey, verði aðgengilegur fólki með fötlun.

2.5.4. Stígar og gönguleiðir

Göngustígar um fólkvanginn mynda nokkra mislanga hringi sem tengjast saman þannig að gestir geta auðveldlega valið leið sem hentar þeim sjá, kort í [viðauka II](#). Á stöku stað fara stígarnir hættulega nálægt klettabrúm þar sem kvarnast hefur úr klettum. Stígarnir eru einfaldir slóðar og á nokkrum stöðum eru timburtröppur. Um hjólreiðar fer skv. náttúruverndarlögum.

Stefna

Stefnt er að því að skipuleggja stígakerfi fólkvangsins betur og færa stíga fjær klettabrúnum. Stígar skulu vera vel merktir, öruggir og með góðu undirlagi þannig að gestir svæðisins fari síður utan þeirra. Villustígar verði afmáðir. Grisja þarf skóginn til að greiða fyrir för fólks um hann.

Stefnt er að því að setja upp hjólagrindur við bílastæði fólkvangsins.

Gestir skulu fylgja stígum og virða merkingar og lokanir sem kunna að verða settar upp tímabundið vegna lífríkisverndar sbr. [reglu nr. 3](#) í kafla þrjú.

2.5.5. Skilti

Merkingar eru við aðkomu að fólkvanginum. Á þeim eru ágætar upplýsingar um náttúrufar svæðisins og kort sem sýnir gönguleiðir, áningarstaði og útsýnisstaði.

Stefna

Með skiltum verður upplýsingum og fræðslu komið á framfæri við gesti Hrúteyjar. Markmiðið er að þeir séu upplýstir um náttúrufar, sögu, gönguleiðir og reglur á svæðinu og fari fróðari heim heldur en þegar þeir komu. Texti skilta sé stuttur og einfaldur og skiltin ekki stór en með QR-kóða má koma nánari upplýsingum á framfæri. Gera þarf áætlun um hvaða skilti þörf er á að láta vinna og velja þeim stað af kostgæfni. Við gerð skilta á svæðinu skal notast við þær leiðbeiningar sem er að finna í skiltahandbókinni Vegrúnu, sjá [godarleidir.is](#).

2.5.6. Úrgangur

Stuðla skal að góðri umgengni gesta á svæðinu með vitundarvakningu um ábyrga ferðamennsku með upplýsingagjöf á skiltum. Stefnt skal að því að gestir fólkvangsins skilji ekki eftir sig úrgang innan friðlýsta svæðisins heldur taki hann með sér þegar skilið er við svæðið.

2.6. Fræðsla og kynning

Í auglýsingu um fólkvanginn kemur ekki beint fram hvert markmið friðlýsingarinnar er en út frá reglum sem þar gilda er markmiðið að tryggja svæði til útivistar og til að vernda jarðminjar og lífríki. Svæðið hefur margvíslegt fræðslugildi og hafa skólar nýtt sér það. Upplýsingar um Hrútey eru á vefjum Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins með vísun á vef Skógræktarfélags Íslands.

Stefna

Stefnt er að því að auka fræðslu og kynningu um svæðið á heimasíðu Hrúteyjar á vef Umhverfisstofnunar. Um fræðsluskilti er fjallað í kafla 2.5.6.

Stefnt er að því að auka enn frekar útikennslu og náttúrulæsi í eygni. Stefnt er á að í samstarfi við skólana verði gerð áætlun um með hvaða hætti best væri að koma slíkri fræðslu að inn í starf skólanna.

2.7. Rannsóknir og vöktun

Stefnt skal að því að þeir einstaklingar og stofnanir sem stunda kunna rannsóknir í Hrútey sendi niðurstöður þeirra til Umhverfisstofnunar sem er heimilt að birta þær á heimasíðu svæðisins á vef stofnunarinnar.

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallabjórðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Hrútey en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á [heimasíðu](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktun.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir vinna ástandsmat.

Verkefnið *Vöktun náttúruverndarsvæða* var sett á laggirnar af frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2019 og er Umhverfisstofnun ein þeirra stofnana sem tekur þátt í því. Meginmarkmið verkefnisins er að setja á laggirnar heildstæða vöktunaráætlun á landsvísu til vöktunar náttúruminja á náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna. Áhersla verður lögð á að vakta áhrif mannsins á vistgerðir og plöntur, fugla, spendýr og jarðminjar. Fyrstu verkefnin fóru af stað árið 2020 en ekki hefur verið unnið í Hrútey hingað til.



3. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í Hrótey sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds sbr. [kafla 2.3.2.](#)
2. Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins sbr. [kafla 2.3.1.](#)
3. Gestir skulu fylgja stígum og virða merkingar og lokanir sem kunna að verða settar upp tímabundið vegna lífríkisverndar sbr. [kafla 2.5.5.](#)
4. Ekki er heimilt að vera með opinn eld í eygni, þar með talið er notkun ferðagrilla óheimil sbr. [kafla 2.4.](#)

Heimildir

Blönduósbær. Sótt af vef: <https://www.blonduos.is/is/baerinn/ahugaverdir-stadir/hrutey>

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. (2007). *Fornleifaskráning á Blönduósi*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007/65.

Fornleifanefnd. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar, fyrsta útgáfa 1990*. Sótt af vef: <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Minjavefsjá. Sótt af vef: <https://www.map.is/minjastofnun/#>

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af vef: <http://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sjofuglabbyggdir> og <http://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/fjorur-og-grunnsaevi>

Ríkisútvarpið. Sótt af vef: <https://www.ruv.is/frett/2021/06/29/blondubruin-komin-heim-en-med-nytt-hlutverk>

Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson (ritnefnd). (1975). *Húnaþing I bindi*. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar h.f.

Skógræktarfélag Austur-Húnvetninga. Sótt af vef: <https://www.skogargatt.is/hrutey>

Tómas Einarsson og Helgi Magnússon. (1989). *Íslands handbókin*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Umhverfisstofnun. Sótt af vef: <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/hrutey-i-blondu/>

Viðauki I

Stj.tíð. B, nr. 521/1975

Auglýsing um fólkvang í Hrútey í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Blönduóshrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að lýsa Hrútey í Blöndu fólkvang samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Um fólkvanginn gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólk er frjálst og heimil umferð um eyna enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi.
2. Óheimil er að raska bergmyndunum á svæðinu. Ætlast er til góðrar umgengni í hvívetna af þeim sem eyna heimsækja.
3. Umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um fólkvanginn er bönnuð. Meðferð skotvopna er einnig bönnuð nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi hreppsnefndar Blönduóshrepps.
4. Allt jarðrask og mannvirkjagerð í fólkvanginum er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks þar en í hvívetna skal haft samráð við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.
5. Bannað er að beita búpeningi í Hrútey.

Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Blönduóshrepps í samráði við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnun]eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.


Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius

Viðauki II



Göngukort af Hrútey



Viðauki III

Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Vegagerðin
- ~ Ferðamálastofa
- ~ Félag hópferðaleyfishafa
- ~ Félag leiðsögumanna
- ~ Fiskistofa
- ~ Flugmálafélag Íslands
- ~ Fuglavernd
- ~ Hafrannsóknastofnun
- ~ Landgræðslan
- ~ Landvarðafélag Íslands
- ~ Landvernd
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Samtök ferðaþjónustunnar
- ~ Skógræktarfélag Íslands
- ~ Skógræktin
- ~ Slysavarnafélagið Landsbjörg
- ~ Björgunarfélagið Blanda
- ~ Lögreglan Norðurlandi vestra
- ~ Markaðsstofa Norðurlands
- ~ Minjavörður Norðurlands vestra
- ~ Náttúrustofa Norðurlands vestra
- ~ Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra
- ~ Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga
- ~ SUNN- Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi

Viðauki IV

Hugmyndir frá íbúafundi

Vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun var haldinn íbúafundur á Blönduósi þann 7. apríl 2020.

Eftirfarandi hugmyndir komu fram á fundinum. Þær voru ekki settar beint inn í áætlun þessa en verða til skoðunar hjá sveitarstjórn.

- ~ Sú hugmynd hefur komið fram að útbúa skógarbað í eygni að japanskri fyrirmynd. Framkvæmdin er einföld og felst í því að setja upp nokkra bekkir í skógarlundi þar sem fólk gæti lagst útaf og slakað á. Í Japan er skógurinn talinn heilandi og athöfnin því heilsusamleg. Hugmyndin fellur vel að hugmyndum um almenn heilsusamleg áhrif útiveru og náttúrunnar á líkama og sál.
- ~ Á íbúafundi var rætt um hvort setja ætti lýsingu meðfram göngustíg í Hrútey en um það voru skiptar skoðanir.
- ~ Á íbúafundi um stjórnunar- og verndaráætlun þessa komu fram hugmyndir um að nýta göngubrúna sem uppistöðu fyrir skilti eða sýningar um sögur sem tengjast ánni t.d. veiðisögur, slys og aðra atburði.

Viðauki V

Menningarminjar í Hrútey í Blöndu – samantekt uppúr fornleifaskrá.
Númerin innan sviga vísa til númera fornleifa í skýrslunni þar sem finna má nánari upplýsingar (Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. (2007). *Fornleifaskráning á Blönduósi*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007/65)

- Óþekkt, hringlaga mannvirki eða náttúrumyndun nr. 145147-26.
- Tóft, líklega beitarhúsa nr. 145147-27.
- Óþekkt tóft nr. 145147-28
- Óþekkt tóft nr. 145147-29

Í sýslu- og sóknalýsingum kemur fram að Hrútey hafi verið nýtt til lambabeitar frá Hjaltabakka en að Enni hafi einnig gert tilkall til eynnar. Ein tóftin er líklega leifar beitarhúsa en að öðru leyti er óvíst um aldur og hlutverk þessara minja. Þá er ennfremur ekki hægt að fullyrða að nr. 26 sé mannvirki fremur en náttúrumyndun án frekari rannsóknar. En hún verður þó að fá að njóta vafans.